

Þriðjudaginn 8. september 1992.

Nr. 321/1992. **Gylfi Sigfússon**

gegn

protabúi Ólafs Þórs Ólafssonar.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Forgangskrafa. Launakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 2. mgr. 191. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. með kæru 9. júlí 1992, er barst Hæstarétti 27. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að forgangsréttur launakröfu sinnar á hendur varnaraðila verði viðurkenndur.

Engar kröfur eru hafðar uppi af hálfu varnaraðila.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður skiptaréttar Kjósarsýslu 16. júní 1992.

I.

Mál þetta er tekið til úrskurðar eftir framlagningu greinargerðar af hálfu sóknaraðila máls þessa 12. júní 1992.

Í máli þessu krefst Kjartan Ragnars hrl. þess f. h. Gylfa Sigfússonar, kt. 230261-3699, Huldulandi 9, Reykjavík, að launakrafa umbjóðanda hans, að fjárhæð 565.551 kr., verði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú Ólafs Þórs Ólafssonar samkvæmt 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878.

II.

Aðdragandi máls þessa er sá, að með úrskurði skiptaréttar Kjósarsýslu, upp kveðnum 20. febrúar 1992, var bú Ólafs Þórs Ólafssonar, kt. 170761-5619, Víðiteigi 2 C, Mosfellsbæ, tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu Kjartans Ragnars hrl. f. h. Hauks Leóssonar, kt. 301037-3339, Neðstaleiti 1,

Reykjavík, en beiðni hans barst skiptarétti Kjósarsýslu 20. nóvember 1991, sem telst frestdagur í þrotabúinu. Innköllun var gefin út, og birtist hún í fyrra sinn í Lögbirtingablaði nr. 38 10. mars 1992. Almennar kröfur í búið námu 2.511.141 kr. auk vaxta og kostnaðar eftir upphaf skipta. Einni forgangskröfu var lýst í búið, frá sóknaraðila máls þessa, að fjárhæð 565.551 kr., skv. kröfulýsingu, er barst 27. mars 1992. Í þinghaldi 6. maí 1992 lýsti þrotamaður sig eignalausán með öllu, og þar sem ekki er vitað um eignir í búi þessu, hefur verið ákveðinn skiptafundur 30. júní nk. til skiptaloka á grundvelli 120. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Skiptaráðandi gerði skrá yfir lýstar kröfur í búið 11. maí 1992 í samræmi við ákvæði 108. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Í skránni kom fram, að ekki væri tekin afstaða til almennra krafna. Afstaða skiptaráðanda til forgangskröfunnar var sú, að henni var hafnað sem forgangskröfu á þeim forsendum, að hún uppfyllti ekki skilyrði 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Krafan var hins vegar samþykkt sem almenn krafa, þar sem í skýrslutöku 6. maí 1992 kom fram, að skiptaboli sagði kröfuna rétta. Þessi afstaða skiptaráðanda var tilkynnt Kjartani Ragnars hrl. f. h. Gylfa Sigfússonar í ábyrgðarbréfi, dagsettu 14. maí 1992 (réttarskjal nr. 2), þar sem bent var á, að krafan uppfyllti ekki 18 mánaða frestskilyrði 84. gr. laga nr. 3/1878, auk þess sem 6. tl. 84. gr. sömu laga ætti ekki við um kröfu hans. Jafnframt var á það bent, að hefði kröfuhafi athugasemdir fram að færa við afstöðu skiptaráðanda, þá skyldi hann koma þeim á framfæri, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi 21. maí 1992. Með bréfi, dagsettu 19. maí 1992 (réttarskjal nr. 3), mótmælti Kjartan Ragnars hrl. afstöðu skiptaráðanda f. h. Gylfa Sigfússonar og óskaði jafnframt eftir því, að ágreiningnum yrði ráðið til lykta með úrskurði. Kjartan Ragnars hrl. mætti á skiptafund 21. maí 1992 f. h. Gylfa Sigfússonar og ítrekaði kröfur sínar. Aðrir voru ekki mættir á skiptafund þennan. Í samræmi við 3. tl. 110. gr., sbr. 134. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, var ákveðið, að skiptaráðandi myndi kveða upp úrskurð um ágreiningsefnið eftir framlagningu greinargerðar frá sóknaraðila. Eins og atvikum var háttað í máli þessu, þótti ekki þörf á því að boða til nýs skiptafundar, eins og ráðgert er í 2. og 3. tl. 110. gr. ívitnaðra laga.

III.

Í greinargerð sóknaraðila kemur fram, að við ákvörðun gjalddaga launa-kröfu hans verði að leggja til grundvallar gjalddaga í sáttinni á rskj. nr. 8, en þeir eru 11. október 1990, 4. nóvember 1990 og 4. desember 1990. Samkvæmt þessu telur sóknaraðili ótvírætt, að krafan skuli njóta forgangs-rettar í þrotabúinu, þar sem hún sé örugglega innan 18 mánaða frestsins í 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878. Hann vekur athygli á því, að launakrafa sé venjuleg einkaréttarleg krafa, sem aðilar geti samið um að vild, þ. á m.

um gjalddaga. Engin lagaákvæði bindi hendur aðila í þessu tilliti, og því verði skiptarétturinn að leggja til grundvallar samning málsaðila á rskj. nr. 8 við ákvörðun gjalddagans.

Sóknaraðili segir, að hafa beri í huga, að hann hafi höfðað mál til heimtu kröfunnar með stefnu, dags. 23. mars 1990, sbr. rskj. nr. 5, en málið hafi verið þingfest 5. apríl 1990, stefndi hafi tekið til varna í málinu, og sé greinargerð hans á rskj. nr. 7, þar sem hann hafi fært fram ýmsar sýknuástæður. Með sáttinni á rskj. nr. 8 sómdu málsaðilar um greiðslu kröfunnar að undangengnum viðræðum, og hafi báðir málsaðilar gefið eftir. Samkvæmt þessu sé ljóst, að með sáttinni hafi komist á nýtt kröfurettarsamband með málsaðilum, þó að krafan sé í eðli sínu og per definitionem enn sem fyrr launakrafa, sbr. 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878.

Í annan stað reisir sóknaraðili réttarkröfu sína á því, að hann hafi með framlagningu fjárnámsbeiðni í fógetarétti Reykjavíkur í desember 1990 slitið 18 mánaða frestinum í 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878. Eins og í öðrum frestum í réttarfarslögum hljóti með einhverjum hætti að vera hægt að slíta 18 mánaða frestinum í 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878. Eðlilegast væri að miða við birtingu stefnu, en ákvæði 6. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 virðist þó girða fyrir þá lögskýringu, en í þessum tölulið virðist vera gert ráð fyrir, að dómur hljóti að ganga um launakröfu, sé á annað borð höfðað mál til heimtu hennar. Ljóst virðist, að höfundur textans hafi ekki hugsað málið til enda, eða þá, að prentvilla sé í lagatextanum og að í stað „og“ í töluliðnum eigi að standa „eða“ og að lagatextinn hefði þá átt að hljóða svo: „..... mál verið höfðað til heimtu þeirra innan 18 mánaða frá gjalddaga eða dómur gengur“. Ákvæði 6. tl. 84. gr. sé annars mjög torskilið, þ. e. skilyrðið um, að dómur gangi á síðustu sex mánuðum fyrir upphaf skipta eða síðar, því að vitaskuld ráðist það af ýmsum atvikum og sé ýmsum tilviljunum háð, hvenær dómur er kveðinn upp í dómsmálum. Sóknaraðili telur reyndar, að skýra verði orðið „dómur“ í töluliðnum rúmt, þannig, að það taki beinlínis til fjárnámsgerðar og að skilyrði töluliðarins sé því uppfyllt. Í þessu sambandi sé vert að hafa í huga athugasemdir við 6. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. frumvarp til laga, sem lagt hafi verið fram á 94. löggjafarþingi, þskj. nr. 28, 27. mál, e.d., en þar segi á þessa leið: „Í 4. tl. er heimilað, að þær kröfur séu forgangskröfur, sem stofnast hafi með sama hætti og kröfur eftir 1.-3. tl., þó að þær séu eldri en svo, að þær falli undir þessa töluliði. Eigi þetta við, ef ekki verði talið, að atvik, sem launþegi hafði á valdi sínu, hafi valdið töfum á innheimtu launa, svo sem nánar segi í tillögugreininni.“ Þessar athugasemdir séu í fullu gildi, þó að lögin hafi sætt breytingum síðar, svo að allir frestir séu nú rýmri. Sóknaraðili hafi fylgt kröfu sinni eftir af mikilli festu, og engar tafir hafi orðið af hans völdum á innheimtu kröfunnar. Skuldarinn hafi hins vegar

reynt eftir mætti að tefja innheimtu skuldarinnar eftir gjalddaga sáttarinnar á rskj. nr. 8, m. a. hafi hann farið huldu höfði, ekki sinnt kvaðningum í fógetarétt, og þurft hafi lögreglu til að færa hann þangað. Þá hafi hann krafist úrskurða og lýst yfir því, að hann myndi áfrýja þeim. Eigi þetta framferði skuldarans að leiða til þess, að sóknaraðili missi forgangsrétt launakröfu sinnar, gengi sú niðurstaða þvert á hugsun og tilgang laganna. Þetta verði að hafa í huga, þegar texti 6. tl. sé skýrður, þ.e.a.s., ef ekki verður fallist á þann skilning sóknaraðila, sem sé sjálfsagður og eðli málsins samkvæmur, að gjalddagi sáttarinnar ráði úrslitum í máli þessu og að sóknaraðili hafi slitið 18 mánaða frestinum í 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 með fyrirtöku í fógetarétti.

IV.

Af hálfu kröfuhafa, annarra en sóknaraðila, hefur ekki verið sótt þing í máli þessu. Með vísan til 118. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 135. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, verður að fella úrskurð á mál þetta eftir fram komnum skjölum og skilríkjum.

Í fyrri málsástæðu sinni gerir sóknaraðili ráð fyrir því, að gjalddaga launakröfu hans í skilningi 1. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878 skuli miða við gjalddaga réttarsáttar, sem komist hafi á milli sóknaraðila og skiptaþola.

Í réttarskjölum nr. 5 og 6 kemur fram, að launakrafa þessi sé til komin vegna vinnu, sem sóknaraðili máls þessa vann hjá skiptaþola í október og nóvember 1989, auk þess sem hann fer fram á þriggja mánaða laun í uppsagnarfresti frá desember 1989 til febrúar 1990 skv. gildandi kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur, sem gildi milli aðila. Samkvæmt þessu fékk sóknaraðili greidd laun mánaðarlega, og umræddar launakröfur féllu því í gjalddaga fyrsta virka dag næsta mánaðar, eftir að vinna var innt af hendi. Sé við það miðað, að upphaf skipta hafi fyrst getað byrjað 20. nóvember 1991 (frestdag) með móttöku gjaldþrotaskiptabeiðni, þá má ljóst vera, að kröfurnar hafa fallið í gjalddaga fyrir þann tíma, sem 1. tl. 84. gr. laga 3/1878 tekur til. Samningur aðila um nýja gjalddaga kröfunnar verður ekki talinn bindandi að þessu leyti, enda myndi slík afstaða geta opnað leið til málamyndagerninga í því skyni að skapa forgangsrétt fyrir kröfum þessum.

Síðari málsástæðu sína byggir sóknaraðili á því, að verði gjalddagar kröfunnar ekki taldir vera samkvæmt sáttinni í réttarskjali nr. 8, eigi 6. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878 við um kröfu þessa, þar sem sóknaraðili hafi rofið fyrningu með framlagningu fjárnámsbeiðni í fógetarétti Reykjavíkur í desember 1990.

Tilvitnað lagaákvæði í 6. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 er undantekningar-

ákvæði, sem kveður á um, að með uppfylltum vissum skilyrðum megi fram-
lengja fyrningartíma 1.-5. tl. 84. gr. sömu laga. Í úrlausn Hæstaréttar í
máli frá 1987 á blaðsíðu 970 í dómasafni Hr. kemur fram, að ákvæði þetta
verði hvorki túlkað rýmkandi skýringu né beitt með löggjöfnun. Í dóminum
segir m. a.: „Verður því að skýra ákvæði þetta eftir orðanna hljóðan
þannig, að hugtökin „mál hefur verið höfðað“ og „dómur“ taki ekki til
meðferðar lögtaksmála fyrir fógetarétti.“ Með vísan til þess, sem segir í
dómi Hr., verður framlagning fjárnámsbeiðni í fógetarétti ekki talin upp-
fylla skilyrði 6. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 um, að mál sé höfðað.

Samkvæmt því, sem fram er komið, brestur kröfu sóknaraðila lagastöð
í 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878 til þess að verða viðurkennd sem forgangs-
krafa, og verður því að hafna henni.

Málskostnaður í máli þessu fellur niður.

Bogi Hjálmtýsson, fulltrúi skiptaráðanda Kjósarsýslu, kvað upp úrskurð
þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Gylfa Sigfússonar, um viðurkenningu á launa-
kröfu hans sem forgangskröfu í þrotabú Ólafs Þórs Ólafssonar, er
hafnað.

Málskostnaður fellur niður.
